

Námsáætlun í samfélagsfræði hjá 8.-10. bekk

Tímabil: Haustönn 2017

4 kennslustundir á viku

Kennari: Anna Rósa Friðriksdóttir og Berglind Hauksdóttir

Hæfniviðmið, að nemandi:

- Geti sýnt fram á skilning gagnvart ólíkum menningarheimum.
- Geti aflað sér hagnýtra upplýsinga, ígrundað þær og metið.
- Geti gert sér grein fyrir nýtingu umhverfis og hvernig umhverfið hefur áhrif á menninguna. Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum.
- Geti fjallað um búsetuskilyrði ákveðinni landsvæða.
- Geti fjallað um trúarbrögð, siði, menningu og margbreytileika í heiminum.
- Ígrundi víxlverkun samfélaga.
- Afli sér hagnýtra upplýsinga, ígrundi þær og meti.
- Geti greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta samfélagsmyndinni.
- Geti sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburði tengdum fyrri heimsstyrjöldinni.
- Sjái hvernig sagan hefur haft mótandi áhrif á heimsmyndina.
- Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Geti komið þekkingu sinni, skoðunum og viðhorfum á framfæri.
- Geti fengist við samfélagsleg og siðferðisleg málefni af mismunandi sjónahólum.
- Geti rökrétt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins..
- Geti vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttsýnan hátt.
- Sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Unnið með grunnþætti samfélagsfræði: Reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Námsefni

Stuðst við námsefnin:

-Styrjaldir og kreppa

-Á ferð um samfélagið

Ítarefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag

Önninni er skipt upp í fimm lotur. Í upphafi hverrar lotu fá nemendur matsviðmið lotunnar sem unnið er með, lotunni lýkur með mati.

Kennarar eru með innlagnir þegar við á, nemendur vinna að mestu í hópum en þurfa að auki að skila inn einstaklingsverkefnum.

Engin próf eru á önninni, einungis verkefnaskil og kynningar.

Mikil áhersla er lögð á fjölbreytt vinnubrögð og hafa nemendur frjálssar aðferðir við skil verkefna, nemendur eru hvattir til þess að nýta sér tæknina við verkefnavinnu.

Námsáætlun haustannar 2017

Tímabil	Námsefni	Viðfangsefni	Námsaðferðir/annað
21. – 25. ágúst	Gönguferðir		22. skólasetning kl. 16 23. viðtöl 24. gönguferð/hjólaferð (x2)
28. ágúst – 1. september	Lota 1: Matur og menning	Hópar velja sér land/landsvæði til að fjalla ítarlega um.	Innlögn, farið yfir hæfniviðmið lotunnar og skipt í hópa með teamshake.
4. – 8. september	Lota 1: Matur og menning	Verkefnavinna hópa.	Verkefnavinna
11. – 15. september	Lota 1: Matur og menning	Kynningar hópa.	Verkefnaskil hópa og mat lotu 1.
18. – 22. september	Lota 2: Fyrri heimsstyrjöldin Innlögn og verkefnavinna	Svara spurningum og vinna lítið valverkefni sem verður kynnt 27. september. Stuðst við námsefnið Styrjaldir og kreppa, bls. 16-26.	Fyrirlestur frá kennara um fyrri heimsstyrjöldina, umræður og nemendur velja sig í 2-3 manna hópa til að vinna stutt verkefni. Skil á classroom.
25. – 29. september	Lota 2: Fyrri heimsstyrjöldin Innlögn og verkefnavinna	Kynningar hópa og verkefnavinna nýrri hópa.	Innlögn frá kennara, upprifjun frá fyrri tíma og nemendur segja frá valverkefni. Kennarar skipta nemendum í 4-5 manna hópa og úthluta hverjum hóp fyrir sig eitt viðfangsefni. Skil verkefnis 18. október.

2. – 6. október	Lota 2: Fyrri heimsstyrjöldin Verkefnavinna	Verkefnavinna hópa.	Hópavinna og skipulagning.
9. – 13. október	Lota 2: Fyrri heimsstyrjöldin Verkefnavinna	Verkefnavinna hópa.	Hópavinna og undirbúningur kynningar fyrir næstu viku.
16. – 20. október	Lota 2: Fyrri heimsstyrjöldin	Kynningar hópa.	Verkefnaskil hópa og mat á lotu 2.
23. – 27. október	Lota 3: Kort og fánar	Samþætt verkefni með ensku, nemendum hefur þegar verið skipt í hópa eftir bekkjum í enskutíma.	Verkefnavinna hópa. 26. starfsdagur 27. haustleyfi
30. október – 3. nóvember	Lota 3: Kort og fánar	Hópar undirbúa skil sem er í lok vikunnar.	Verkefnaskil hópa og mat lotu 3. 30. haustleyfi 31. hrekkjavökuball í Valsárskóla
6. – 10. nóvember	Lota 4: Helga kennaranemi		8. baráttudagur gegn einelti
13. – 17. nóvember	Lota 4: Helga kennaranemi		16. dagur íslenskrar tungu
20. – 24. nóvember	Lota 4: Helga kennaranemi		Verkefnaskil hópa og mat lotu 4
27. nóvember – 1. desember	Lota 5: Ég og samfélagið		1. jólamarkaðurinn (x2)

4. – 8. desember	Lota 5: Ég og samfélagið		4. starfsdagur
11. – 15. desember	Lota 5: Skil og lokamat lotu 5	Kynningar hópa	Verkefnaskil hópa og mat lotu 5. 14. laufabrauðsdagurinn 15. opinn dagur
18. – 20. desember	Jólaþema	Jólaþema	18. smiðjudagurinn 19. skautadagurinn 20. litlu jólin